

# Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

MAÍ 2017



5. tbl. 20. árg.

**Hádegisstillboð**  
Fríð. kl. 11-16

**LÍTIL PIZZA**  
af matseðli og 0,333 cl gos **1.000 KR.**

**MIDSTÆRÐ**  
af matseðli og 0,333 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS



Frístundamiðstöðin Tjörnin var valin stofnun ársins 2017. Á myndinni má sjá starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar eftir að hafa tekið við viðurkenningunni. Sjá nánar á bls. 10.

**Slökkvitækja-Þjónustan**  
564 1433  
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur  
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

**24**  
Hagkaup  
**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
á Eiðistorgi

**S**  
Sysstrasamlagið  
Óðinsgata 1 - Reykjavík  
Sími: 511 6367  
Erum á  
Óðinsgötu 1

**STÚDENTAKJALLARINN**

**OPIÐ FYRIR ALLA Í ALLT SUMAR**  
MATUR OG DRYKKIR Á SANNGJÖRNU VERÐI.  
HAPPY HOUR ALLA DAGA KL. 16 - 19, LAUGARDAGA TIL KL. 21.  
BRUNCH ALLAR HELGAR KL. 11 - 14.

HELLO?  
is it  
BEER  
YOU'RE LOOKING FOR?

STÚDENTAKJALLARINN  
VEITINGA- OG  
SKEMMTISTAÐUR  
Háskólatorg  
Sæmundargötu 4  
studentakjallarinn.is



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



**Melabúðin**  
Þín verslun



Sími 551-0224

# Helgartilboð

fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag  
18. - 21. maí, á meðan birgðir endast

**Nauta Rib eye úr kjötborði 4298 kr/kg**  
**Lambalæri úr kjötborði 1598 kr/kg**  
**Lambahryggir úr kjötborði 1998 kr/kg**  
Gular melónur 50% afsláttur  
Ísfugls Heill kjúklingur 20% afsláttur



# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

5. tbl. 20. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

# S T U T T A R

## B O R G A R F R É T T I R



### Hækkun við Hjarðarhaga

Reitir hafa lagt fram fyrirspurn í umhverfis- og skipulagsráði um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 47 til 49 eða gamla Vesturgarð við Hjarðarhaga. Breytingin felst í því að hækka húsið um eina inndregna hæð, samkvæmt upprætti THG Arkitekta ehf., dags. 20. febrúar 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa. Ráðið hefur tekið jákvætt í málið með þeim skilyrðum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.



### Geirsgata opin eins og kostur er

„Geirsgata verður opin eins og nokkur kostur er,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Umferð er hleypt um hjáleid inn á byggingarreit norðan Geirsgötu. Framkvæmdirnar við Hafnartorg hafa staðið yfir um nokkurt skeið og vegna þeirra liggur Geirsgata nú um hjáleid innan lóðar Austurhafnar ehf.

Þar hefjast brátt framkvæmdir við byggingu íbúða við Austurhöfn og hluti þeirra framkvæmda ganga út á að gera bílakjallara sem tengdur verður við bílakjallarann við Hörpu þannig að í raun verður um einn bílakjallara að ræða. Ný Geirsgata verður síðan lögð ofan á hluta bílakjallarans. Að sögn samgöngustjóra Reykjavíkurborgar var stefnt að því að færa hjáleidina þann 15. apríl sl. en þar sem töf varð á upphafi framkvæmda síðasta

haust náðist það ekki. Áfram verður því notast við hjáleidina um nokkurt skeið en um mjög mjög flókna gatnaframkvæmd er að ræða þar sem margir þættir þurfa að ganga upp. Hann segir að komi til einhverra lokana verði þær auglýstar með góðum fyrirvara og lokunartími verður lágmarkaður. Af gefnu tilefni er rétt að áréttta að Geirsgata verður opin, eins og nokkur kostur er.

### Stungió fyrir Marriott hótelinu við Hörpu

Fyrsta skóflustungan að Marriott Edition hótelinu sem mun rísa á Hörpureitnum svokallaða var tekin sl. föstudag. Aðdragandi þess á sér nokkuð langa sögu því þegar fyrir hrun var farið að kanna mögulega til hótélbyggingar á reitnum.

Frá þeim tíma hafa nokkrir mögulegir fjárfestar skoðað verkefnið en samningar náðst við bandaríska fasteignafélagið Carpenter & Company um byggingaréttinn í apríl árið 2015. Hér er um mikla fjárfestingu að ræða eða allt að 17 milljörðum króna. Um fimm stjórn hótél verður að ræða með 50 herbergjum auk veislu- og fundarsala, fjölda veitingastaða og heilsulind. Áætlað er að hótelið verði opnað sumarið 2019.



### Akstur hópferða-bifreiða takmarkaður enn frekar

Borgarráð hefur samþykkt nýjar reglur um umferð hópferðabifreiða í miðborginni sem eiga að taka gildi fyrir lok júní. Með breytingunum verða 15 safnstæði fyrir rútur í Miðborginni. Hinar nýju reglur munu gilda um allar hópferðabifreiðar óháð lengd en til þeirra teljast smárútur og stórar upphækkaðar bifreiðar sem ætlaðar eru til jöklaaksturs en í

fyrri reglum var miðað við hópferðabifreiðar sem voru átta metrar eða lengri.

Eitt safnstæði fyrir rútur er við Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti. Aðkoma að því er um Eiríks götu en nú er gert ráð fyrir að fráakstur verði niður Njarðargötu. Margir íbúar við Njarðargötu eru ósáttir við að gatan verði gerð að megin umferðaræð fyrir hópferða frá bílastæðinu við Hallgrímskirkju. Tillögur stýrihóps um akstur um Njarðargötu eru hugsaðar til reynslu í sumar og yrðu endurskoðaðar að því loknu. Stýrihópnun bærust margar ábendingar við vinnslu málsins. Samkvæmt hugmyndum hans eiga hópferðabifreiðar að fara í aðra áttina um Njarðargötu og Eiríks götu en ekki báðar eins og hefur verið hingað til. Íbúarnir segja að það muni auka umferð þessara bifreiða við jaðar svæðanna. Íbúar hafa meðal annars bent á að í miðborgum erlendrar borga tíðkist ekki svo mikil umferð stórra fólksflutningabifreiða. Strætó hefur ekki farið um Njarðargötu í nokkur ár.

### Sótt um að stækka lóð við Fiskislóð

Lögð hefur verið fram að nýju í umhverfis- og skipulagsráði að lokinni grenndarkynningu umsókn Kjartans Rafnssonar um breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar í Örfirisey vegna lóðarinnar nr. 71 til 73 við Fiskislóð. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til norðurs um 7,5 metra. samkvæmt upprætti Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. Tillagan var grenndarkynnt frá 7. mars til og með 4. apríl 2017. Jón Steinn Elíasson framkvæmdastjóri Toppfisk ehf. og Pétur Björnsson sendu athugasemdir um málið.

### PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík  
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

## HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband  
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á  
Facebook

### ÍSLENSKA KÍSILSTEINEFNIÐ FRÁ GEOSILICA INNIHELDUR HREINAN JARÐHITAKÍSIL



- Styrkir bandvefinn\*
- Stuðlar að þéttleika í beinum\*
- Styrkir hár og neglur\*
- Stuðlar að betri myndun kollagens fyrir sléttari og fallegru húð\*

KRISTÍN JÚLIUSDÓTTIR

„Ég fékk nokkra skallabletti líklegast vegna áfalls.“

Fyrst leit þetta ekkert svakalega vel út þar sem hárið virtist ekki ætla að koma til baka. Ég byrjaði að taka Kísilinn frá geoSilica inn á hverjum degi og viti menn hárið byrjaði að vaxa á ógnarhraða! Ég er svo ánægð að þetta gerðist svona fljótt því lækarnir sögðu að hárið kæmi kannski ekki aftur og ekki væri til úrræði sem er betra en annað. En Kísillinn frá geoSilica fékk hárið til að vaxa aftur!”

geoSilica Kísilvatnið fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

Nánari upplýsingar má finna á [www.geosilica.is](http://www.geosilica.is)


\*Rannsóknir hafa sýnt fram á þessi áhrif, Kísilvatnið er fæðubótarefni og kemur ekki í staðinn fyrir lyf.

geoSilica  
ICELAND

## Vesturbæingar



Nú er komin tími til  
að taka fram hjólið.



SKARTAÐU ÞÍNU FEGURSTA

**aurum**  
BY  
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | 101 Reykjavík | [www.aurum.is](http://www.aurum.is)

# Húsnæðismálin stærst og Vesturbærinn vinsæll

- segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

**D**agur B. Eggertsson borgarstjóri segir uppbygginguna í Reykjavík þá mestu í sögu borgarinnar. Húsnæðismál eru í algjörum forgangi. Til að auka framboð af íbúðum á viðráðanlegu verði hafi borgin farið í samstarf við stúdenta, eldri borgara, verkalyðshreyfinguna og aðra sem vinna að húsnæðisuppbyggingu án hagnaðarsjónarmiða. Staðfest áform þessara samstarfsaðila eru um 3.700 íbúðir og segir borgarstjóri mikilvægt að þau komist sem fyrst til framkvæmda.

Dagur segir sterka niðurstöðu ársreiknings borgarinnar fyrir 2016 endurspeglar trausta fjármálastjórn og honum finnst gott að góður friður sé um stjórn borgarinnar. Stóra verkefnið sé að þróa kraftmikla og spennandi borg sem tryggir íbúum sínum jafnframt öryggi og lífsgæði. Lykilmálin séu málefni ungs fólks og eldri borgara. „Við verðum að standa saman um öfluga höfuðborg sem er samkeppnishæf við þær borgir sem við berum okkur saman við. Hér verða að vera öflug fyrirtæki sem geta greidd góð laun. Öflugir leik- og grunnskólar eru líka lykilatriði þegar fólk velur sér búsetu. Nú þegar höfum við samþykkt að stofna ungbarnaeildir í nokkrum leikskólum í borginni.“ Dagur segir að Vesturbærinn sé hverfi sem búi að miklum félagsauð og sterku baklandi. Mikil sé um að vera í og við vesturbæinn og enn meira framundan. Dagur vonast eftir góðri samvinnu og sátt um uppbyggingu á KR-svæðinu og að fleiri geti átt kost á að búa í þessu eftirsóttu hverfi í borginni.

## Leiðarljósið er öruggt húsnæði fyrir alla

- Húsnæðismálin eru óeitanlega stærsta málið í dag en hvernig náum við markmiðum að búa til borg með húsnæði fyrir alla?

Dagur segir mikilvægt að hafa yfirsýn og um leið veita öðrum yfirsýn. „Árin 2015 og 2016 voru metár í uppbyggingu í borginni



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri á fundi með leikskólastjórnendum í Vesturbænum.

en þetta ár verður enn stærra og næstu ár sómuleiðis. Það veitir ekki af því vegna þess að eftirspurnin eftir húsnæði hefur vaxið hratt. Við höfum lagt áherslu á að framboð af litlum og meðalstórum íbúðum aukist og að eins mikið af íbúðum og hægt er verði byggðar af félögum sem ekki eru að byggja í hagnaðarskyni til að stuðla að því að húsnæðið verði á viðráðanlegu verði. Við höfum líka beitt okkur fyrir samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu því ef við leggjumst öll á eitt náum við jafnvægi á húsnæðismarkaðnum fyrr en ulla. Leiðarljósið á að vera öruggt húsnæði fyrir alla, líka fjölskyldur og fólk sem hefur minna á milli handanna.“

## Sterk staða fjármála

- Athygli vakti að ársreikningur borgarinnar fyrir síðast ár skilaði hagnaði. Hverjar eru skýringarnar?

„Já, það er rétt. Niðurstaðan var sterk en kom ekki af sjálfu sér. Við höfum náð árangri í fjármálunum, launin hækkuðu umtalsvert hjá

borginni, einsog víða annars staðar og nú hefur tekist með aðhaldi að skila afgangi þrátt fyrir þær kjarabætur. Þar hefur bæði tekist að lækka kostnað og tekjur hafa aukist með hækkingu tekjum í samfélaginu. Fyrirtæki borgarinnar skila líka afgangi og þar vegur þyngst að björgunaráætlunin sem við gerðum fyrir Orkuveituna fyrir fimm árum hefur gengið eftir í einu og öllu. Við höfum líka komin á réttan kjöl. Vegna þessa viðsnúnings í fjármálum treystum við okkur á síðasta ári til að bæta tæpum milljarði inn í skólana, við höfum líka sett fram fimm ára áætlun um stóráttak í viðhaldi á götum og malbiki og erum að leggja fjármagn í ýmislegt sem varð að bíða í sparnaðinum eftir hrun.“

## Vesturbærinn eftirsótt hverfi

- Varðandi Vesturbæinn þá vakti heimsóknin þín í hverfið á síðasta ári athygli. Hver eru

stærstu verkefnið sem snúa að Vesturbænum?

Dagur segir ótrúlega margt að gerast í Vesturbænum þessa dagana. „Það var ótrúlega gaman að fylgjast með KR-ingunum taka Grindvíkinganna í úrslitarmunni í Frostaskjóli. KR-ingar eru líklega með besta körfuboltalið í sögu íþróttarinnar hér á landi. Íþróttaliðið í Vesturbænum er ótrúlega magnað. „Ég hef átt mjög gott samstarf við KR og sameiginlega tókum við það skref í haust að gerð var yfirlýsing um aukið samstarf félagsins og Gróttu á Seltjarnarnesi í tengslum við samning um endurbætur á fimleikaaðstöðunni úti á nesi en stór meirihluti krakkanna sem æfa þar eru Reykvíkingar úr Vesturbænum. Ég myndi fagna því ef frekari skref væru stigin í samstarfi á næstu misserum. Sveitafélagamörk eiga að vera aukaatriði í því. En börnin og íþróttirnar aðalatriði.“ Aðspurður um aðstöðumálin hjá KR segir Dagur að KR hafi haft frumkvæði

**Milli miðborgarinnar og Hörpu munu rísa íbúðir, hótél og fullt af verslunarhúsnæði beggja vegna Geirsgötu. Borgin eignast nýjar og lifandi göngugötur og Harpa verður í miklu betri tengslum við mannlífið í miðborginni en áður.**

að því að þróa mjög áhugaverðar hugmyndir um svæðið í Frostaskjólinu sem komið sé inn í formlegan samráðshóps borgarinnar og félagsins. Þar eru hugmyndir um knattús auk mikilla endurbóta á svæðinu. KR-ingar vilja náttúrulega bæta aðstöðuna fyrir krakkana í hverfinu og borgin er mjög jákvæð fyrir því. „Ég fann sterkt fyrir hinu sterka baklandi sem börn í Vesturbænum búa við þegar ég flutti skrifstofuna mína í hverfið síðasta haust. Frístundastarfið er faglegt og stendur í miklum blóma. Við höfum því mjög sterkan grunn til að byggja á til framtíðar.“

## Fordæmalaus uppbygging

- Nú er umfangsmikil uppbygging í raun alveg frá Hörpusvæðinu að Örfirisey að segja má. Þetta eru örugglega mestu framkvæmdir í Reykjavík í langan tíma?

Já heldur betur. Svæðið í kringum Hörpu fór í frost eftir hrun eins og þekkt er. Okkur hefur hins vegar lánast að greiða úr því og nú stefnir í að svæðið verði fullbyggt á næstu tveimur til þremur árum. Það sem er sérstaklega flókið er að samtengdur bílakjallari verður undir öllu svæðinu. Geirsgatan á að liggja ofan á honum til framtíðar. Framkvæmdunum hefur því fylgt

# PLOKKFISKUR

- HOLLUR KOSTUR TILBÚINN Á 5 MÍNÚTUM

**LJÚFFENGUR**  
&  
**FLJÓTLEGUR KOSTUR**



Verum gáfuð og borðum fisk



rask og notast hefur verið við hjáleik sem ber þess merki að vera til bráðabirgða. Við ætlum hins vegar að gera allt sem við getum til að halda henni opinni í gegnum þessar flóknu framkvæmdir og ég á von á því að það gangi eftir. Milli miðborgarinnar og Hörpu munu rísa íbúðir, hótél og fullt af verslunarhúsnæði beggja vegna Geirsgötu. Borgin eignast nýjar og lifandi göngugötur og Harpa verður í miklu betri tengslum við mannlífið í miðborginni en áður. Hafnarstrætið fær líka andlitslyftingu og nýja starfsemi og veitingastaði á jarðhæðum, að ógleymdu straujárninu sem þegar hefur vakið athygli. Vesturbugtin mun svo rísa við Slippinn þar sem 170 íbúðir verða m.a. fyrir stúdenta og ungt fólk, framkvæmdum við Tryggvagötu fer svo að ljúka, skipulag á Byko reit er tilbúið og fer væntanlega í uppbyggingu næsta vetur. Niðurrif og uppbygging er einnig að hefjast á Keilugranda þar sem Búseti mun byggja ódýrari fjölskylduíbúðir og svo er sjálfur Grandinn að blómstra enn frekar eftir að hið frábæra Marshall-hús opnaði. Það er ekkert undarlegt að Vesturbærinn sé jafnvinsæll og raun ber vitni. Með nýrri uppbyggingu á ákveðnum reitum erum við að mæta því, og gera þannig fleira fólki kleift að búa í Vesturbænum enda mjög vinsælt hverfi þar sem fólk vill ala upp börnin sín og eldast.“

**Barnafjölskyldur í brennidepli**

- *Talandi um krakkana, það hefur verið mikil deigla í umræðum um skólamálið að undanfögnu – stendur til að bæta fjármagni í skólamálin?*  
 „Í mínum huga var mjög tímabært og mikilvægt að geta

bætt við fjármunum í skólamálin. Skólarnir voru undirfjármagnaðir. Að sumu leyti var það skiljanlegt því það var sett í forgang að hækka laun starfsfólksins. Annað lykilatriði í mínum huga er að tryggja að öll börn í borginni hafi tækifæri til að stunda innihaldsríkt frístundastarf. Þess vegna höfum við verið að auka stuðning við barnafjölskyldur og frístundaþátttöku barna með hækkun frístundakortsins í 50.000 kr. Þetta er mikilvægur stuðningur því ég er sannfærður um það að reynslan og lærdómurinn sem krakkar fá út úr íþróttum, tónlist eða öðru frístundastarfi er jafn mikilvægt eða jafnvel mikilvægara en hefðbundnar námsgreinar. Við eigum bæði frábær íþróttafélög, dans- og tónlistarskóla og fjölmörg æskulýðsfélög sem gera margt framúrskandi og flott fyrir börnin okkar. Það þekki ég af eigin reynslu sem fjögurra barna faðir.“

**Nýjar ungbarnadeildir**

- *Þið viljið fjölga leikskólalássum og voruð að koma á fót ungbarnadeildum í borginni. Hvernig heldurðu að það muni ganga?*  
 „Já, ég vonast til þess að þetta gangi vel. Þarna erum við að brúa bilið enn frekar milli fæðingarorlofs og leikskóla þannig að við reynum sífellt að stytta þann óvissutíma sem tekur við frá því að fæðingarorlofi sleppir, þar til barnið fer inn á leikskóla. Nú strax í haust ætlum við að opna fjórar ungbarnadeildir en endanlegt markmið er að öll börn komist inn á leikskóla um leið og fæðingarorlofi lýkur. Það þarf að taka þetta í skrefum en við munum fylgja þessu vel eftir í haust og meta árangurinn út frá því.“



Dagur B. Eggertsson með heldri borgurum í félagsstarfinu á Aflagranda.

**Reykjavík er góð borg til að eldast í**

- *En hvað með heldri borgarana?*  
 „Ég hef líka átt framúrskarandi samstarf við eldri borgara um alla borg og Félag eldri borgara í Reykjavík. Ég vil að Reykjavík verði framúrskarandi borg til að eldast í. Nú þegar er margt gott, eins og sundlaugarnar, félagsstarfið og heimaþjónustan. Ríkið þarf hins vegar að taka sig þegar kemur að byggingu hjúkrunarheimila og heilbrigðisþjónustu. Ég hef kallað eftir því og rekið eftir, því þetta er lykilatriði. Ég hef líka sérstakan áhuga á að huga að því sem við kemur hreyfingu og möguleikum til hreyfingar og heilbrigði og líðan eldri borgara almennt. Þar höfum við fengið frábærar tillögur um næstu skref í heilsuefningu aldraðra frá hópi sem Ellert B. Schram fyrirverandi forseti ÍSÍ og núverandi formaður Félags eldri borgara í Reykjavík fór fyrir. Að

þeirra frumkvæði lækkuðum við aldur þeirra sem fá ókeypis í sund niður í 67 ár og ætlum næsta vetur að gefa út sérstakt Menningar- og heilsukort til að kynna þetta betur, því alls ekki allir eldri borgarar í Reykjavík átta sig á því hvað mikið er í boði, endurgjaldslaust eða fyrir lágt verð. Þannig verður borgin ennþá aldursvænni borg og það er gömul saga og ný – borgir sem eru góðar fyrir eldri borgara eru góðar fyrir alla.“

**Stofnbrautakerfið er sprungið**

- *Samgöngumálin eru mikið til umræðu, umferðin þéttist og það er mikið rætt um svokallaða Borgarlínu. Hvað er á dagskrá til að leysa umferðavandann í Reykjavík?*  
 Já, að mínu mati er stofnvega-kerfið sprungið og við sjáum að umferðin þéttist og þéttist á álagstímum. Það er mjög margt sem þarf að gera til að bregðast við

þessu. Það fyrsta er að viðurkenna að við erum að fylgja umferðarskipulagi frá 1960 sem gerði alls ekki ráð fyrir svona mikilli bílaeign eða svona mikilli umferð. Á næstu tuttugu árum mun íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölga um í það minnsta 70.000. Ef við byggjum ný hverfi í útjaðri höfuðborgarsvæðisins sem erfitt er að þjóna vel með almenningsamgöngum munu þessir íbúar bæstast við morgun og síðdegisumferðina. Það mun einfaldlega aldrei ganga. Þess vegna þarf að byggja nýjar íbúðir í eldri hverfum og þetta byggð þannig stytta vegalengdir fólks frá heimili til vinnu og það léttir á umferðinni. Valið stendur einmitt um þetta: að þetta byggð eða þetta umferðina meira.“

**Reykjavík þarf Borgarlínu**

„Í öðru lagi þarf að fjárfesta miklu meira í samgöngukerfinu heldur en gert hefur verið,“ heldur Dagur áfram. „Mikilvægasta fjárfestingin og sú stærsta er Borgarlína, hágæða almenningsamgöngur, sem þurfa að verða að veruleika sem fyrst. Borgarlínan er nauðsynleg til að tafatíminn í umferðinni stóraukist ekki á komandi árum. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru sammála um mikilvægi þessa verkefnis og við munum kynna líklegt leiðaval og áfangaskiptingu á næstu vikum. Um leið er mikilvægt að halda áfram að efla strætó og gera öllum ferðamátum hátt undir höfði. Þeir sem nota bíl sem aðalferðamáta ættu að fagna öllu því sem gert er fyrir hjólandi og gangandi, svo dæmi sé tekið, því eftir því sem fleiri fara ferða sinna þannig þeim mun meira pláss er á götunum fyrir þá sem keyra.“

**GEYMSLUR**  
 SELF STORAGE CENTER



**VANTAR ÞIG MEIRA PLÁSS?**

Notaðu plássið heima til þess að stækka heimilið og geymdu hlutina hjá okkur.


Í næsta nágrenni við þig!  
 Fiskislóð 11, 101 Reykjavík

Geymslur ehf. sími 555 3464 www.geymslur.is geymslur@geymslur.is	Fiskislóð 11, 101 Reykjavík	Fiskislóð 25, 101 Reykjavík	Miðhraun 4, 210 Garðabær	Tunguháls 8, 110 Reykjavík	Íðavellir 13, 230 Reykjanesbær
---	--------------------------------	--------------------------------	-----------------------------	-------------------------------	-----------------------------------

## BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK

Opið alla daga 9-23

www.bikecave.is • Erum á Facebook 

Sími: 770-3113



**Jón hrausti er stór og stæðilegur.**  
**Extra kjúklingur, extra beikon,**  
**extra grænmeti og BBQ sósa.**  
**Þorir þú?**

## Aðalfundur framundan?

**Heildarlausn í rekstri húsfélaga.**



www.eignaumsjon.is  
 S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

# Hótel Saga 55 ára

- miklar endurbætur á döfinni

Á Hótel Sögu eru nú að hefjast miklar framkvæmdir á 1. og 2. hæð hótelsins. Það er við hæfi að það beri upp á 55 ára afmæli hótelsins. Sérstök virðing verður borin fyrir sögunni, Bændasamtökin hafa átt hótelið frá upphafi og verður sú tenging eflað enn frekar. Grillið komst m.a. á Michelin-listann í ár og verður áfram byggt á matarstefnunni sem mörkuð hefur verið þar undanfarin ár. Búið er að opna bakarí á hótelinu og eru nýbökðu brauð og kökur á boðstólum fyrir gesti og er það hluti af aukinni áherslu á matarmenningu innan veggja hótelsins.

Það var sannkölluð gleðistund í síðasta viðburðinum í Súlnasalnum fyrir endurbætur og auðvitað kom Raggi Bjarna og tók nokkur lög en hann söng með hljómsveit sinni í Súlnasal 3 til 4 sinnum í viku í tæp 20 ár.

Framkvæmdum verður skipt í tvennt, fyrst verður það eldhúsið, Súlnasalur og ný gestamóttaka og standa vonir til að því ljúki



Raggi Bjarna var að sjálfssögðu mættur á síðasta viðburðinum í Súlnasalnum fyrir endurbætur og hér tekur hann lagði með Sigríði Thorlacius.

snemma í vetur. Í kjölfarið hefjast framkvæmdir við seinni helminginn, Mímisbar, nýjan veitingastað og setustofu, og stefnt á að allt verði komið í notkun snemma vors 2018.

Nærumbhverfi hótelsins er einn af

miðpunktunum í allri stefnumótun hótelsins. Rík áhersla er lögð á sögu og menningu en það er svo sannarlega að byggjast upp skemmtilegur kjarni í Vesturbænum og ætlar hótelið sér að verða áberandi miðpunktur þessa kjarna.



Ingibjörg Ólafsdóttir, hótellstjóri Hótel Sögu flytur ávarp.



Nokkrir fastagestir hafa fylgt Hótel Sögu í gegnum tíðina. Hér má m.a. sjá Ólaf Egilsson fyrrverandi sendiherra, Kristján Knúttson fasteignasala og Hauk Hjaltason matreiðslumann og framkvæmdastjóra auk fleiri ágættra gesta.

## Minni íbúðir við Nýlendugötu

- sex 40 til 90 fermetra íbúðir

Framkvæmdir hefjast í sumar við byggingar við Nýlendugata 34. Þar munu rísa um það bil 525 fermetra hús sem skiptist í sex íbúðir og sameign. Áætluð stærð íbúðanna er á bilinu 40 til 90 fermetrar.

Húsið verður í svipuðum byggingastíl og Seljavegur 1 til að falla vel inn í heildarmyndina á Nýlendugötunni. Íbúðirnar Seljavegi 1 eru komnar í sölu og verða tilbúnar til afhendingar á næstu vikum. Íbúðirnar við Nýlendugötuna verða tilbúnar til afhendingar á næsta ári.



Nýtt hús með 6 íbúðum mun rísa við Nýlendugötuna sem er fyrir ofan Mýrargötuna. Myndin er af nýju íbúðunum við Seljaveg 1.

# VALHÖLL

FASTEIGNASALA

S Í ð A N 1 9 9 5



Ingólfur Geir Gissurarson  
 Framkvæmdastjóri  
 Lögg. fasteignasali og leigumíðlari  
 896 5222



Heiðar Friðjónsson  
 Sölustjóri  
 Lögg. fasteignasali B.Sc.  
 693 3356



Margrét Sigurgeirsdóttir  
 Skrifstofustjóri  
 margre@valholl.is  
 588 4477



Úlfar Freyr Jóhannsson  
 Lögg. fasteignasali  
 Lögg. fasteignasali.  
 Skjalavinnsla  
 692 6906



Herdis Valb. Hölludóttir  
 Lögg. fasteignasali  
 Lögg. fasteignasali  
 694 6166



Pétur Steinar Jóhannsson  
 Aðstoðarm.  
 Fasteignasala  
 Snæfellsnesi  
 893 4718



Sturla Pétursson  
 Löggiltur fasteignasali  
 899 9083



Anna F. Gunnarsdóttir  
 Aðstoðarm.  
 Fasteignasala  
 892-8778

Allir þurfa þak yfir höfuðið

# 588 4477

Fagleg þjónusta -  
 Vönduð vinnubrögð



Framúrskarandi fyrirtæki

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

# Miklar breytingar við Birkimel

- framkvæmdin var kosin í íbúakosningum

Mikla breytingar verða við Birkimel í sumar. Leggja á fjögurra metra göngu- og hjólastíg vestan megin götunnar á milli Hringbrautar og Hagatorgs. Breikka á núverandi gangstétt í átt að lóðarmörkum til að gera pláss fyrir stíginn.

Mismunur í hæðarlegu við lóðarmörk verður leystur með stöðveggjum þar sem þörf er á. Tengingar við núverandi gangstétt verða að mestu óbreyttar, ýmist leystar með rampi eða þrepum. Staðsetningu á innkeyrslu að bílastæði frá Birkimel verður óbreytt en vegna hæðarlegu þarf að gera ramp inn á bílastæðið. Hæðarlega á einu til tveimur bílastæðum verður aðlöguð vegna nálægðar við rampa í innkeyrslu. Skipta á núverandi ljósastaurum út fyrir nýja sem eftir breytingu verða staðsettir í bakkanti gangstéttar. Gert er ráð fyrir að gatan verði óbreytt að mestu, en þrengingar verða settar í götu við biðstöðvar til að auka öryggi og bæta aðstöðu fyrir farþega Strætó auk þess sem hámarkshraði verður lækkaður úr 50 km/klst í 30 km/klst.

Á liðnu ári kom fram hugmynd frá íbúa um að endurnýja gangstétt og gera hjólastíg við Birkimel í íbúalýðræðisverkefninu Hverfið mitt. Hugmyndin var síðan kosin til framkvæmda í íbúakosningum. Verja átt tíu milljónum til verkefnisins. Umhverfis- og skipulagsráð ákvað að bæta um betur og ráðast í endurnýjun á lýsingu við götuna og leggja breiða göngu- og



Talsverð umferð ökutækja sem gangandi vegfarenda er við Birkimel sem tengir m.a. annars Hringbraut við Hagatorg.

hjólaleið vestan megin götunnar. Til að framkvæma verkefnið á m.a. að ráðast í færslu á biðstöðvum Strætó við götuna og vinna á hæðarmun við blokkirnar sem standa við götuna til að stígurinn rúmist sem best. Að auki verður gróður endurnýjaður á nokkrum stöðum við götuna til að fegra hana og stofntré verða gróðursett. Birkimelur,

frá Hringbraut að Hagatorgi, er fjölfarin leið gangandi og hjólandi vegfarenda en börn nýta götuna mikið til að komast til og frá skóla en bæði Haga- og Melaskóli eru í nágrenni Hagatorgs. Þá er talsverð umferð ferðamanna að Radisson Blu Hótel Sögu auk þess sem Þjóðarbókhlaðan stendur við götuna.

[Vesturbæjarblaðið](http://www.borgarblod.is) [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



Krakkahópurinn sem kynnti verkefnið.

## Landakotskrakkar kynntu vísindaverkefni

Krakkar úr Landakotsskóla kynntu verkefni sitt á sviði lífvisinda föstudaginn 28. apríl en þeir höfðu unnið að verkefninu vikurnar á undan. Nemendahópurinn spannar alla aldursflokka frá 5 til 15 ára, og verða tæplega 30 verkefni kynnt fyrir gestum og próf-dómurum á vegum Stofnunar Sæmundar fróða.

Landakotsskóli og Stofnun

Sæmundar fróða við Háskóla Íslands hafa gert með sér samning um að hvetja ungt fólk til vísindaiðkunar en nemendur í Landakotsskóla vinna að verkefnum undir leiðsögn kennara sinna, ýmist ein eða í litlum hópum, og kynna verkefni í Háskóla Íslands. Þetta samstarf hófst á síðasta ári og tókst þá svo vel að ákveðið var að halda því áfram.

Við sendum heim!



SBARRO

5.14.14.14

JL-HÚSIÐ KRINGLAN SMÁRALIND

17" RISA NEW YORK PIZZA

1.990

frá kr.

NÝR  
STAÐUR VIÐ  
HRINGBRAUT  
- Í JL HÚSINU -

Ýmsir Vesturbæingar eru hugmyndaríkir

# Vilja almenningsgarð á Hagatorgi

**N**okkrar umræður hafa farið fram á facebook-inni að undanförunu um Hagatorgið. Einkum snúa þær að nýtingu þess og áhuga á að breyta því úr umferðarmannvirki til almanna nota. Í einni grein má m.a. lesa að Hagatorgi mætti breyta úr umferðarmannvirki í almenningsgarð með tengsl við Melaskóla, Hagaborg og Hagaskóla. Bent var á að þótt Hagatorg sé stórt grænt svæði sé það umlukið götu og nýttist engan veginn til neins. Með því að loka Neshaga og Fornhaga næst torginu og leiða umferð af Birkimel annars vegar niður Dunhaga og hins vegar niður Hagamel mætti búa til stórt grænt svæði, sem yrði hluti af skólalóðum þriggja skóla.

Og sami facebookarhöfundur heldur áfram og segir að með þessu mætti stórbæta aðstöðu fyrir börn í hverfinu til að leika sér úti. Einnig gæti svæðið nýst í kennslu í Melaskóla en þar er rými fyrir útikennslu mjög lítið. Krakkar í Melaskóla þyrftu þá heldur ekki að fara yfir umferðargötu til að fara í íþróttir í íþróttahús Hagaskóla. Svæðið myndi einnig nýtast öðru ungmennastarfi, t.d. skátastarfi. Auk þess myndi þessi breyting líklega minnka umferð í kringum Melaskóla og Hagaborg.

## Parf að hafa bílaumferð á Hagatorgi

Annar höfundur segir þetta vera góða hugmynd. Í aðalskipulagi

Reykjavíkur 2010 til 2030 sé Hagatorg skilgreint sem almenningsgarður. Því sé ekki seinna vænna en að borgin fari að efna til hugmyndasamkeppni um hvernig torgið skuli líta út. M.a. hvort nauðsynlegt sé yfirhöfuð að hafa bílaumferð á því og hvort ekki sé hægt að loka Neshaga við Furumel þannig að skólalóð Melaskóla yrði stækkuð yfir að Hagaskóla fram hjá kirkjunni.

## Auttt og vindasamt svæði

Þriðji höfundurinn kveðst hafa búið í Vesturbænum í 50 ár og starfa þar nú. Hann segist fara daglega gangandi til vinnu. Hann segir þetta auttt og vindasamt svæði þar sem mætti sannarlega setja niður falleg tré og gróður. Svo mætti líka búa til göngustíga yfir torgið.

## Parf torgið að vera svona ógnarstórt

Annar höfundur leggur til að hafa samkeppni um hvernig mætti nýta þetta svæði betur og sennilega dygði t.d. að loka Neshaga á milli Hjarðarhaga og Hagatorgs til að koma á mótis við slíka hugmynd til að byrja með en leyfa aðeins Strætó að laumast þar í gegn. Hann spyr hvort hringtorgið þurfi að vera svona ógnarstórt. Minnka torgið og færa nær hótél Sögu.

## Tré, plöntur og annars gróður

Og enn einn leggur orð í belg



Eins og sjá má á myndinni er Hagatorgið stórt og umlukið umferðargötu auk þess sem umferðargötur liggja að því frá öllum hliðum. Byggingar sem umlykja torgið eru Hótél Saga, Háskólabíó og Neskirkja. Sunnan torgsins má sjá Hagaskóla en blokkirnar við Birkimel og Þjóðarbókhöðuna til norðurs.

og kveðst ganga nær daglega um Hagatorg. Hann kveðst velta

næstum jafn oft fyrir sé af hverju þetta svæði sé ekki betur nýtt. Það

að planta blönduðum gróðri trjám og runnum sem myndu hjálpa verulega til með að mynda skjól sem ekki sé vanþörf á. Honum finnst borðleggjandi að breyta torginu í garð.

## Samspil Hagatorgs og bygginganna í kring

En fleiri sjónarmiða gæti í umræðunni. Einn höfundur kveðst ekki á móti því að nýta Hagatorg betur nýtt sem almenningsrými en það þurfi þó að gera það af virðingu við skipulags- og byggingarsögu hverfisins og hugmyndir Einars Sveinssonar borgararkitekts sem hannaði Melahverfið um 1940 út frá ákveðnum skipulagshugmyndum um samspil Hagatorgs og bygginga í kring. Og ekki sist út frá hugsjónum um andrými og birtu fyrir borgara. Hönnun bygginga í kringum Hagatorg taka mið af því og hefur götumyndin og skipulagið fagurfræðilegt gildi.

## Íbúðaturn á Hagatorgi

List ágætlega á að gera eitthvað með Hagatorg segir einn höfundur á facebookinni. Hann bendir á pláss sem hljóti að vera hægt að nota það betur. Og svo tekur ironian við í skrifum hans því honum finnst koma til greina að byggja stúdentaíbúðir á torginu. Hvað með svona 20 hæða turn sem gæti rúmað ansi margar litlar íbúðir, segir hann og bendir á að Bílastæði séu við Háskólann og því þurfi engin ný stæði.



Í traustum höndum á Óðinsgötu 1



**MANDUKA**  
skara fram úr!

PRO, PROlite  
eKO, eKOLite,  
eKO fisléttar  
og fylgihlutir.



**MÖNTRU**  
ARMBÖND!

Silfrúð, gyllt  
& rósagull.

NÝ SENDING KOMIN  
TIL LANDSINS.



**HUGLEIÐSLA ÁRSINS**  
ER FLOT!

Í fjórum litum/  
munstrum: Blá - Svört og  
Blá munstruð eftir Sigga Eggerts  
Blá munstruð eftir Sigga Odds

Verð: 16.400 kr.  
Líka í netsölu á [www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



**7 DAGA**  
**SYKURHREINSUN**  
**SEM VIRKAR!**

Blanda frá Viridian sem er gott dæmi um frábæra hugsun, mikla rannsóknarvinnu og einstaklega vönduð vinnubrögð sem skilar árangri.

Inniheldur: Króm, kanilextrakt og alfa línólín sýru.

Losar okkar við eða minnkar sykurlöngun til framtíðar.

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: [www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)  
[www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 11 - 17.



# Heillaðist af landi og þjóð

- segir Sara Hochuli sem hefur opnað tehus og bakarí á Grandagarði

Sara Hochuli er 35 ára frumkvöðull frá Zurich í Sviss. Hún opnaði ásamt eiginmanni sínum Dominik Grenzler veitingastaðinum Kumiko sem er fyrsta tehus landsins á Grandagarði ásamt bakaríi á liðnum vetri. Hægt er að kalla bakaríið hugvitsbakarí því í sköpunarverkum sínum sameinar hún grafíska hönnun og töfrandi samsetningar á ýmskonar brögðum í matargerð. Sara er þekkt víða um heim og hafa ýmsir þekktir aðilar sóst eftir tertum hennar.

En hvað kom til að hún kom til Íslands. „Ég kom til Íslands árið 2009 og við hjónin ferðuðust um landið og heilluðumst af landi og þjóð. Við kynntumst mörgum Reykíkingum og ferðuðumst til borgarinnar mörgum sinnum á ári í framhaldinu. Fljótlega eftir fyrstu Íslandsferðina fórum við að hugsa um að reka kaffihús í Reykjavík. Það varð þó ekkert úr því strax vegna þess að ekki var hægt að fá hágæða íslenskt súkkulaði sem er nauðsynlegt fyrir það sem ég er að gera.“

## Mikil uppbygging á Grandanum

Svo verður Grandinn fyrir valinu. Sara er fljót til svars. „Já - mikil uppbygging hefur átt sér stað úti á Granda á síðustu árum og þar er nokkurs konar suðupottur hönnunar og menningar. Þessi hraða uppbygging minnir um margt á þróunina sem átti sér stað í Brooklyn í New York fyrir nokkrum árum. „Grandi is Reykjavík's new creative hotspot“ segir Sara. „Hér í nágrenninu eru m.a. súkkulaðiverksmiðjan Omnom og nýlega opnaði menningarmiðstöð í Marshallhúsinu, þar sem er að finna sýningarrými Nýlistasafnins, Gallerí Kling & Bang og vinnustofur Ólafs Elíassonar auk fleiri áhugaverðra staða.“

## Sviss, Ísland og Japan

Þú sækir til Japans og á Kumiko er spilað með japönsk áhrif út frá svissnesku sjónarhorni. Hvernig kemur það til. „Eftir að ég kynntist Japan verður það alltaf hluti af mér,“ segir Sara. „Á Kumiko blanda ég saman heimalandinu mínu sem er Sviss og tveimur uppáhalds stöðunum mínum, Japan og Íslandi. Þessir staðir eru merkilega líkir að mörgu leyti. Þannig ætla ég að búa til algerlega nýja samsetningu, bæði í hönnuninni og uppskriftunum.“

## Ferskleikinn er fyrir öllu

Sara leggur mikla áherslu á ferskleika. Unnar matvörur, rotvarnarefni og bragðefni eru ekki leyfð í eldhúsi hennar. Allt er heimgætt, kremin og frauðið eru þeytt á staðnum og hver einasta smákaka nýbökðu. Hið sama er að segja um skreytingarnar, sem eru allar handgerðar á staðnum. „Svissneskar kökur og sætabrauð eru yfirleitt borin fram á látlausan og nokkuð hefðbundin hátt. Í því sambandi geta litríku terturnar okkar verið nokkuð ögrandi. En í grunninn er það bragðið sem skiptir máli. Í Sviss mun litríkt útlit ekki geta bjargað þér, ef bragðið er ekki rétt,“ segir Sara þrátt fyrir að hún sé með hugann við hönnun og útlit á tertunum en það skýrist af því

að hún er einnig grafískur hönnuður. Hún segir að tertuhönnuður njóti þess að takast á við þannig áskoranir. „Einn af kostunum við þetta er að ég þarf ekki að mæta

fyrir fram ákveðnum væntingum. Viðskiptavinirnir vita að vörulínan er sífellt að breytast og það gefur mér mikið sköpunarfrelsi,“ segir Sara að lokum.



Sara Hochuli er 35 ára frumkvöðull frá Zurich í Sviss



# Glæsileg ver slun með gæðamerki á góðu verði

Ray-Ban

COCOA MINT

SMITH

TOMMY HILFIGER

Red Bull

BOSS

CEBÉ

LOUIS MARCEL

bolle

iGreen



Centro Style 56342 umgjörð kr. 16.800,-



Cocoa Mint 2009 sólgleraugu kr. 12.900,-



Centro Style 56212 umgjörð kr. 16.800,-



Centro Style 56200 umgjörð kr. 16.800,-



Ray-Ban 1527-3573 barnaumgjörð kr. 19.875,-



CEBÉ sportgleraugu kr. 21.900,-



Tommy Hilfiger 1123 umgjörð kr. 26.850,-



Centro Style 56040 barnaumgjörð kr. 13.800,-

### Gott verð á glerjum

Einfokus gler (USA) - verð frá kr. 7.380,-  
Margskipt gler (USA) - verð frá kr. 19.980,-

Einfokus gler - verð frá kr. 16.900,-  
Margskipt gler - verð frá kr. 41.900,-  
(allar umgjörðir nema frá USA)



# Fjölmenningarvika í Frostheimum



Á hverjum degi kynnti nýr starfsmaður heimalandið sitt fyrir Frostheimabúum í fjölmenningarviku Frostheima.

Fjölmenningarvika Frostheima var haldin í tengslum við Barnameningarhátíð fór fram í Reykjavík dagana 25. til 30. apríl. Á hverjum degi kynnti nýr starfsmaður heimalandið sitt fyrir Frostheimabúum.

Meðal efnis sem kynnt var voru myndasýningar frá landinu, sagt frá því hvað er einkennandi fyrir menningu þess eða siði og börnin fengu jafnframt að bragða á mat frá landinu. Meðal þess sem boðið var upp á var bingó á spænsku, að búa til þýskt sælgætis nornahús og að hlusta á ljúfa tóna ABBA. Vikan heppnaðist vel og eru Frostheimabúar og starfsmenn nú fróðari um heimalönd samstarfsfólks síns.

# Tjörnin stofnun ársins

Fristundamiðstöðin Tjörnin er Stofnun ársins 2017. Valið á Stofnun ársins var kynnt við hátíðlega athöfn á Hilton Nordica 10. maí en titlana Stofnun ársins og Fyrirmyndarstofnun hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr að mati starfsmanna. Valið er byggt á svörum tæplega 12 þúsund starfsmanna í einni stærstu vinnumarkaðskönnun landsins og mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á vinnumarkaði.

Fristundamiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, Tjörnin fékk hæsta skor í flokki stærri stofnana, með 50 starfsmönnum og fleiri og er því „Stofnun ársins – borg og bær 2017“. Fristundamiðstöðin Tjörnin fékk jafnframt titilinn „Fyrirmyndarstofnun 2017“.

Könnun sem þessi gefur góða mynd af starfsumhverfi og starfsánægju starfsmanna stofnunar. Starfsmenn geta notað niðurstöðurnar til að meta eigin vinnustað í samanburði við aðrar stofnanir. Einnig eru niðurstöðurnar ekki síður tækifæri fyrir stjórnendur að gera sér grein fyrir stöðu starfsmannamála í stofnuninni og hvar þeir standa í samanburði við aðra. Í könnun St.Rv. er leitað



Starfsfólk Tjarnarinnar – stofnunar ársins 2017.

eftir viðhorfi félagsmanna til vinnu sinnar og yfirmanna, líðan þeirra í starfi, starfsumhverfi, tækjabúnað og hvernig samskiptum er háttað á vinnustaðnum.

Starfsmenn Tjarnarinnar hafa mikla trú á stjórnendum, telja starfsandann góðann, þeir upplifa að þeir hafi sjálfstæði í starfi, eru ánægðir og stoltir af vinnustaðnum sínum og ímynd Tjarnarinnar. Einnig upplifa þeir mikið

jafnrétti í starfi. Það sem þarf að bæta eru vinnuskilyrði sem á mörgum stöðum Tjarnarinnar eru því miður ekki góð. Í Tjörninni starfa um 200 starfsmenn með ólíka menntun og bakgrunn. Kynjahlutföll eru nánast jöfn, 48% karlar og 52% konur sem hlýtur að teljast einstakt þegar um umönnunar- og uppeldisstörf er að ræða.

# Glæsilegur vitnisburður á Barnameningarhátíð

Roleplay klúbbur Frosta stóð að glæsilegum viðburði á Barnameningarhátíð laugardaginn 29. apríl. Klúbburinn hélt Doompunk LARP sem vakti mikla lukku.

Öllum ungmennum á aldri þrettán til sextán ára var velkomið að taka þátt. Í Frosta hefur Roleplay klúbburinn orðið einn virkasti klúbburinn okkar og ríkir þar mikill metnaður eins og sást vel á þessum æðislega viðburði. Við erum ofboðslega stolt af hópnum sem lagði mikla vinnu í söguþráðinn, handritið, búninga og leikmynd.

Mikill metnaður ríkir hjá félögum í Roleplay klúbbnum.



Flótt sumarföt, fyrir flóttar konur

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ SÖLU FASTEIGNA

Davíð Ólafsson  
Löggiltur fasteignasali

Sími: 897 1533  
david@fastborg.is

FRÍTT SÖLUVERÐMAT

BORG  
FASTEIGNASALA

## HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa



Ókeypiss ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333

# Trölladans og hæfileika-keppni í Skýjaborgum

Í tilefni af barnamenningarhátíð var opið hús í frístundaheimilinu Skýjaborgum þann 26. apríl og voru settar upp tvær sýningar. Dagurinn byrjaði á Trölladansi, sem opin var öllum þeim börnum sem vildu taka þátt, en í sýningunni tálkuðu börnin sögu með hreyfingum.

Beint í kjölfarið fór svo fram lokaviðureign í hæfileikakeppni Skýjaborga, en áhorfendur fengu að sjá ellefu fjölbreytt atriði, allt frá glímu og fimleikum yfir í söng og dans. Sigurvegararnir voru þau Andrés Illugi, sem spilaði frumsamið lag á violu, Ísadóra, sem söng lagið „Þú hefur dáleitt mig“ og Matthildur Eygló, sem spilaði á selló.



Hæfileikaríkir krakkar.



Verðlaunahafar í hæfileikakeppninni.

## Tumi og Theresa kepptu í stærðfræði fyrir Landakotsskóla

Tumi í 10. bekk Landakotsskóla varð í fjórða sæti og Theresa í 8. bekk í sama skóla varð í þriðja sæti í stærðfræðikeppni grunnskólanna að þessu sinni sem Menntaskólinn í Reykjavík stendur fyrir.

Þetta er í 16 sinn sem keppnin er haldin og aldrei hafa fleiri skólar tekið þátt. Keppnin fór fram í þremur flokkum, í 8. bekk, 9. bekk og 10. bekk og var fjöldi þátttakenda í hverjum flokki á bilinu 120 - 140. Sigríður Hjálmarsdóttir hefur ætíð hvatt nemendur sína til þátttöku og hefur þeim oft gengið vel.



Tumi og Theresa kepptu í stærðfræðikeppninni fyrir Landakotsskóla.

SUMARNÁMSKEIÐ FYRIR  
BÖRN OG UNGLINGA

SKRÁNING STENDUR YFIR

WWW.MIR.IS  
S. 551-1990

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK



## Te og kökuhúsið Kumiko

Við hjá Kumiko sérhönnum tertur fyrir öll tækifæri. Hver einasta terta er einstök. Hún er aðlöguð að tilefninu og óskum viðskiptavinarins.

Útfærslumöguleikarnir eru óteljandi. Við leggjum mikinn metnað í gerð hvernar tertu, notum aðeins hágæða hráefni og bjóðum einnig upp á vegan og glútenfría valkosti.

Fáið hugmyndir á heimasíðunni okkar [kumiko.is](http://kumiko.is) eða sendið okkur póst á [hello@kumiko.is](mailto:hello@kumiko.is)

Grandagarði 101 // 101 Reykjavík  
Opið daglega sími 517 24 24  
[kumiko.is](http://kumiko.is) #hellokumiko

Vesturbæjarskóli

## Grænmetis- og ávaxtaræktun í 2. bekk



Krakkar í Vesturbæjarskóla með grænmeti sem þau hafa ræktað.

Krakkarnir í 2. bekk Vesturbæjarskóla eru að rækta grænmeti og ávexti. Hugmyndin er fengin úr bókinni Blómin á þakinu sem börnin lásu og vildi prufa hvort þau gætu sjálf ræktað grænmeti og ávexti eins og amma Gunnjóna gerði í bókinni.

Þau settu niður; papríkufrae, tómatafrae, melónufrae, eplafrae en einnig létu þau sítrónustein spíra í 10 daga. Eftir 10 daga hafði steinninn spírað og var hann þá settur niður í mold. Þau settu einnig afskorið kál í mold og það óx og óx þangað til að þau gátu borðað það.

# Fróðir foreldrar hlaut hvatningarverðlaun ÍTR

Samstarfsverkefnið Fróðir foreldrar hlaut eitt hvatningarverðlauna skóla- og frístundaráðs af fimm sem komu í hlut verkefna á vegum frístundamiðstöðvanna.

Að samstarfsverkefninu standa frístundamiðstöðin Tjörnin, foreldrafélög og ungmennaráð í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, þjónustumiðstöð hverfisins og íþróttafélagin KR og Valur. Markmið þess er að virkja samtakamátt foreldra sem mikilvægan þátt í forvörnum og að standa fyrir fræðslukvöldum. Nú þegar hafa fjögur fræðslukvöld verið haldin þar sem m.a. hefur verið fjallað um kvíða, svefn, kynhegðun og kynvitund. Í umsögn dómnefndar segir m.a.: „Sérlega metnaðarfullt verkefni þar sem víðtæk samstaða hefur náðst um að styðja við foreldra í uppeldishlutverkinu. Verkefnið hefur verið vel kynnt og erindunum hefur verið streymt á vefnum og því öllum aðgengileg.“



Skúli Helgason formaður ÍTR afhenti verðlaunin.

## Nemendur sýna myndverk í anddyri Landnámssýningarinnar

Nemendur fimmta bekkjar Grandaskóla buðu foreldrum sínum á opnun á sýningu í anddyri Landnámssýningarinnar við Aðalstræti fyrir skömmu. Sýningin er hluti af Barnameningarhátíð Reykjavíkur sem stendur út mánuðinn og er öllum opin og aðgangur ókeypis á opnunartíma Landnámssýningarinnar.

Um er að ræða fjölþætta sýningu sem er unnin í samvinnu við Borgarminjasafnið og að undirbúningsvinnunni komu auk starfsfólks safnsins, bekkjarkennararnir Steinunn og Þorgerður, Þórdís tónmenntakennari og Birna myndmenntakennari. Nemendurnir unnu málverk af dýrum landnámsmannanna, hönnuðu verndargripi úr beinum og spunnu um þá sögur og sköpuðu tónverk sem var búið til úr hljóðum muna á safninu.



Foreldrar og aðrir aðstandendur skoðuðu verk barnanna á opnuninni.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

**Gómsæti í göngufari**

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is

Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



**FYRIRTAK**  
málningarþjónusta

TRAUST  
OG  
ÁBYRG  
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK  
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

# KR-INGAR TIL HAMINGJU MED ÍSLANDSMEISTARATITILINN 2017



# Við stefnum áfram á Íslandsmeistaratitilinn

- segir Brynjar Þór Björnsson fyrirliði KR í körfunni

**K**R hefur orðið Íslandsmeistari í körfubolta fjögur ár í röð og hefur unnið sjö Íslandsmeistaratitla á 11 árum. Einn öflugasti leikmaður liðsins er Brynjar Þór Björnsson sem einnig er fyrirliði þess. Brynjar hefur leikið með KR allan sinn feril fyrir utan eitt ár er hann lék í Svíþjóð. Hann á tólf tímabil með Meistaraflokki KR og hefur liðið verið mjög sigursælt á síðasta áratug og orðið Íslandsmeistari sjö sinnum og bikarmeistarar þrisvar. Þá má geta þess að Brynjar hefur leikið um 55 landsleiki fyrir Ísland og er hann leikjahæsti leikmaður Meistaraflokks KR í körfubolta frá upphafi með 442 leiki. Hann hefur einnig þjálfað fólk í körfubolta þar sem almenningur - hinn almenni áhugamann getur æft undir leiðsögn hans. Námskeið hans hafa notið mikilla vinsælda.

En hvað kom til að Brynjar gerðist körfuboltamaður. „Þetta er sennilega í blóðinu. Alla vega eru mikil áhrif frá uppeldinu. Faðir minn Björn Magnús Björgvinsson er mikill KR-ingur og fyrrum formaður Körfuknattleikssambands Íslands. Hann var varaformaður KR um tíma en starfaði sem skólástjóri í Laugalækjarskóla og þar var líka talsvert um körfubolta. Ástæða þess að ég valdi KR var að í Laugarnesinu hafði myndast ákveðinn kjarni í körfunni. Ég var mikið með þessum strákum og vildi vera eins og þeir. Þetta voru á meðal annarra Jón Arnór Stefánsson, Helgi Már Magnússon, Guðmundur Þór Magnússon, Steinar Kaldal og fleiri góðir. Árið 2005 tók körfuknattleiksdeild KR stakkaskiptum. Inn í stjórn félagsins komu Böðvar Guðjónsson og Páll Kolbeinsson og gjörbreyttu starfinu. Má segja að þarna hafi karfan í KR tekið risastórt stökk í átt að þeim árangri sem náðst hefur á síðastliðnum 10 árum.“

**Sterkur hópur og mikil samheldni**

Brynjar segir að þarna hafi

sterkur hópur orðið til og mikil samheldni. „Umgjörðin í kringum liðið gjörbreyttist. Leikdagar urðu að fjölskylduhátíð, fólk mætti á leiki, fékk sér hamborgara og horfði svo á leikinn. Við erum með hamborgarasölu fyrir leiki. Foreldrar og ýmsir aðstandendur og áhugamenn komu fengu sér að borða og höfðu gaman af að horfa á okkur. Þetta styrkti okkur mikið og ég held að fátt styðji betur við íþróttastráka en ef foreldrarir og fjölskyldur standa vel við bak þeirra. Auk þess þá þekjumst við allir vel og það hjálpar okkur líka mikið. Þetta held ég að séu einkum ástæður þess að við höfum nánast verið ósigrandi og getað átt okkar gullaldartímabil í körfunni.“

**Karfan er félagsleg íþrótt**

Brynjar segir körfuboltann félagslega íþrótt. „Hún kennir manni að geta unnið með hverjum sem er. Fólk rekst alla jafna misjafnlega saman eða í hóp. Einstaklingarnir eru ólíkir og fólk líkar misvel hvoru við annað. Í körfunni þjálfar maður sig ekki bar á vellinum heldur líka í mannlegum samskiptum. Við verðum að geta unnið saman og sá lærdómur gagnast víða í lífinu.“ En hefur karfan verið karlaíþrótt. „Karlar hafa verið mun meira áberandi í henni en konur en þetta er að breytast. Konur sem spila körfubolta er að fjölga og kvennaliðin að styrkjast. Þær eru líka að fá meiri athygli. Stöð 2 hefur átt stóran þátt því enda farnir að sýna frá kvennaleikjum sem er mjög gott mál og búa þannig til fyrirmyndir af sama kyni. Stelpurnar eru farnar að gera sér fyrirmyndir og þær eru farnar að skara fram úr. Ég held að þær eigi eftir að gera góða hluti.“

**Pavel – einn stærsti pósturinn í liðinu**

Svo kom Pavel Ermolinskij til liðs við ykkur fyrir nokkrum árum. Öflugur kröfuboltamaður og hefur koma hans ekki haft áhrif á liðið og velgengnina. „Vissulega. Pavel



Brynjar Þór Björnsson fyrirliði KR í körfubolta.

er frábær körfuboltamaður og hefur verið einn stærsti pósturinn í liðinu allt frá 2010. Hann er alger lykilmaður fyrir okkur. Hann er eldklár og hefur þann kost að geta spilað allar stöður á vellinum.“ Hann kemur frá Rússlandi. „Já hann er fæddur í gömlu Sovétríkjunum en er alin upp hér á landi og lítur á sig sem Íslending. Alexander faðir hans kom hingað til þess að spila körfubolta í

Borgarnesi og fann fjölskyldan sig vel hér á landi. Móðir hans hefur aldrei farið til baka og starfar í dag sem enskukennari á Akranesi.“

**Bindum miklar vonir við uppbygginguna á KR-svæðinu**

Og þið stefnið á að vinna fimmta árið í röð – verða Íslandsmeistarar áfram. „Já – það gerum við.“

Við leggjum mikla áherslu á að vinna vel saman og nýta reynslu okkar og sameiginlega krafta.“ Ekki verður skilið við Brynjar án þess að minnst aðeins á aðstöðuna í Vesturbænum. „Hún mætti vissulega vera betri. Við í meistarafloknum fáum fjórar æfingar í viku annars er salurinn upptekinn. Hann nær engan veginn að þjóna því sem þyrfti. En vonandi sjáum við fram á betri tíma. Við bindum miklar vonir við þá uppbyggingu sem fyrirhugað er að ráðast í á svæðinu. Hún er algerlega nauðsynleg fyrir KR. Félagið verður að fara í einkaframkvæmd og það verður að byggja upp til framtíðar. Það dugar ekki að byggja íþróttahús sem verður úrelt árið eftir að það verður tekin í notkun.“

**Er komin í ferðabjónustuna**

En þú átt líf fyrir utan körfuboltann. „Já – ég var að stofna ferðabjónustufyrirtæki sem heitir SagaVista. Nú er ég að fara með fólk á fjöll. Ég er að bjóða hálf dagsferðir hér í nágrenninu og tek fram dróna til þess að fanga náttúruna sem best fyrir ferðalanginn. Ferðalangarnir eiga að geta fengið sér hádegismat í miðbænum, farið í göngu og verið mættir aftur í "Happy Hour", segir Brynjar.

**Foreldrar verum samtaka**



**Útivistarreglurnar**

**1. maí til 1. september**

**12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22**

**13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24**

**1. september til 1. maí**

**12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20**

**13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22**

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannaferi utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskuljúðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur um forvarnir

**SAMAN**



Ríkislögreglustjórnir

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri



Fánleg í 12 litum í fullorðins- og barnastærð.

**Sif**

höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook



Helstu útsölastaðir í Reykjavík  
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd,  
Borgarapótek, Lyf og heilsa; JL húsi,  
Kringlu og Austurverri, Snyrtivöru-  
búðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver,  
Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek,  
Urðarapótek, Balletbúðin Arena.  
Netverslanir Aha.is, Heimkaup,  
Krabbameinsfélagið og Netsöfnun.

# Frjálsar á fleygiferð í Vesturbænum

- tryggja þarf nauðsynlega uppbyggingu á aðstöðu

Ekki er sjálfgefið að fólk tengi KR mjög sterkt við frjálsar íþróttir. Á árum áður komu þó margir góðir frjálsíþróttamenn úr Vesturbænum og gera enn. Úr gömlum heimildum má lesa að fyrsta frjálsíþróttakeppni sem Knattspyrnufélag Reykjavíkur tók þátt í var 6. víðavangshlaup ÍR á sumardaginn fyrsta 1921. Á þriðja áratugnum var það sagt „besta íþróttafélag Íslands í frjálsum íþróttum“. Því er ljóst að iðkun frjálsra íþróttar í KR á sér tæplega 100 ára sögu, þótt ekki sé hún óslitin með öllu.

Deildin var endurreist fyrir fjórum árum, 8. janúar 2013 eftir um 20 ára hlé. Var það gert undir öruggri handleiðslu og festu yfirþjálfara deildarinnar, Þórunnar Rakelar Gylfadóttur og Sveins Margeirssonar sem verið hefur formaður deildarinnar frá endurreisn. Um 40 börn skráuð sig til leiks 2013 en nú er fjöldinn orðinn 70. Deildinni hefur því sannarlega vaxið fiskur um hrygg. Á meistaramóti Reykjavíkur innanhúss í vetur, voru 25 krakkar sem kepptu undir merki KR og sópaði hópurinn til sín verðlaunum.

Vegna mikillar fjölgunar iðkenda hefur orðið að bæta við þjálfurum og reynsla undanfarinna ára nýtt til að hámarka not af þeirri aðstöðu sem í boði er á athafnasvæði KR við Frostaskjólíð. Einnig hafa æfingar farið fram í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Nú er hins vegar svo komið að vart verður lengra gengið



Vaskir krakkar á vegum KR frjálsra spretta úr spori.

í hagræðingarátt og því er brýnt að fjölga æfingartímum.

Rakel Gylfadóttir yfirþjálfari: „Árangur deildarinnar í þjónustu við íbúa hverfisins er afar góður. Það er því mikilvægt að haldið verði áfram á sömu braut. Fram hjá því verður þó ekki litið að ýmislegt þarfnast endurnýjunar við. Mikið hefur mætt á áhöldum og áriðandi að náum að endurnýja þau.“

Fram kemur í skýrslu stjórnar frjálsíþróttadeildar KR fyrir árið 2016 að hún telur brýnt að tekið verði tillit til þarfa deildarinnar við skipulagningu á framtíð KR svæðisins. Í því sambandi megi nefna sem lágmarksaðstöðu;

hlaupabraut lögð gerviefni, 100m langa, aðstöðu fyrir langstökk, hástökk og aðrar tæknigreinar. Sveinn Margeirsson formaður deildarinnar, sem fyrr á tíð var afreksmaður í hlaupum, segir mikið unnið með því að bæta aðstöðuna. „Slík aðstaða nýtist öllum deildum til styrktar-, hraða- og þolþjálfunar. Þá ber einnig að hafa í huga að aðstaðan mun auka og efla lýðheilsu Vesturbæinga almennt. Svo má ekki gleyma því að sífellt fleiri krakkar vilja spreyta sig í frjálsum íþróttum og það væri bagalegt ef vísa þyrfti þeim frá vegna takmarkaðrar aðstöðu.“ Undir það má vissuleg taka!

KR-SÍÐAN



Brynjar Þór Björnsson fyrirliði KR, hampar Íslandsmeistaratitilnum.

## KR Íslandsmeistari fjórða árið í röð!

Fjórða árið í röð náði KR að verða Íslandsmeistari í körfubolta og í 16. sinn frá upphafi. Það er magnaður árangur. Grindvíkingar sáu aldrei til sólar í leiknum fyrir framan 2.700 áhorfendur í KR-heimilinu. Það var uppselt og hætt að selja inn hálf tíma fyrir leik. Slíkt gerist bara ekki á Íslandi og gaman að sjá þennan mikla körfuboltaáhuga.

KR komst í 2-0 í einvíginu en Grindvíkingar jöfnuðu eftir tvo slaka leiki hjá Vesturbæingum.

Heimamenn í KR voru í banastuði. Staðan í leikhléi 47-18 fyrir KR og snemma ljóst að Íslandsmeistaratitillinn væri ekki á leiðinni úr DHL-höllinni. Finnur Freyr, þjálfari KR-inga, gat leyft sér að skipta öllu byrjunarliði sínu út um miðbik fjórða leikhluta, slíkir voru yfirburðirnir. Leiktíminn rann smátt og smátt út, lokatölur í Vesturbænum 95-56. KR-ingar eru því bikarmeistarar, deildarmeistarar og Íslandsmeistarar í körfubolta árið 2017

## Benedikt þjálfar meistaraflokk kvenna

Benedikt Guðmundsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna hjá KR í körfubolta og mun jafnframt þjálfa yngri flokka félagsins. Benedikt þjálfaði karlalíð Þórs á Akureyri á síðustu leiktíð og þar áður Þór í Þorlákshöfn.

Benedikt, eða Benni Gumm, þjálfaði yngri flokka KR lengi vel og þar fóru í gegnum hans flokka margir núverandi leikmenn liðsins eins og t.d Jón Arnór Stefánsson, Brynjar Björnsson, Darri Hilmarsson og Þórir Þorbjarnarson.

Benedikt tók svo við meistaraflokk karla og stýrði þeim til sigurs 2007 og 2009. 2010 þjálfaði Benedikt meistaraflokk kvenna og undir hans stjórn vannst Íslandsmeistaratitill í eftirminnilegu einvígi gegn Hamri. Benedikt hefur sýnt og sannað hæfileika sína og er einn besti þjálfari landsins og það er mikill happafengur að fá hann aftur í sitt heimafélag KR. Hann hefur búið til



Benedikt Guðmundsson.

marga afreksleikmenn sem hafa farið í atvinnumennsku og spilað með A-landsliði Íslands.

## Aldís og Darri íþróttafólk KR 2017

Á aðalfundi KR þann 3. maí sl. var tilkynnt að Aldís Rún Lárusdóttir væri íþróttakona KR árið 2017 og Darri Hilmarsson, körfuknattleiksmaður íþróttakaril KR 2017.

Aldís varð tvöfaldur Íslandsmeistari vorið 2017 en hún sigraði í tvenndarleik á Íslandsmótinu og varð í 2. sæti í einliðaleik og tvíliðaleik. Hún var leikjahæsti leikmaðurinn í A-liði KR, sem varð deildarmeistari og Íslandsmeistari í 1. deild kvenna og tapaði Aldís ekki leik í deildarkeppninni á keppnistímabilinu.

Aldís sigraði í kvennaflokki á Reykjavíkurlíkunum 2017, á Grand Prix móti KR, á Grand Prix móti BH og í liðakeppni kvenna á Kjartansmóti KR.

Aldís sigraði í tvíliðaleik á Arctic mótinu í maí 2016, og var í sigurliði



Aldís Rún Lárusdóttir.

Íslands í liðakeppni kvenna. Þá var Aldís í landsliðinu sem keppti í forkeppni Evrópumóts landsliða í nóvember í Danmörku og vann eina leik Íslands í forkeppninni. Auk þess hefur Aldís verið formaður Borðóttensdeildar KR undanfarin ár og verið öflugur leiðtogi borðtennisfólks innan KR sem utan.

Darri Hilmarsson hóf að æfa með KR 10 ára að aldri. Darri hefur spilað yfir 340 leiki með meistaraflokki



Darri Hilmarsson.

karla og varð fyrst Íslandsmeistari með þeim 2007. Titlunum átti eftir að fjölga og hefur hann orðið Íslandsmeistari með meistaraflokkinum alls 6 sinnum. Einnig hefur Darri orðið bikarmeistari með meistaraflokki árin 2016 og 2017. Á unga aldri vann hann fjölda titla með yngri flokkunum, bæði Bikar og Íslandsmeistaratitla og á mörg hundruð leiki að baki með þeim.



GETRAUNANÚMER  
KR ER 107



Rauða Ljónið  
síðan 1989

HEITUR MATUR  
Í HÁDEGINU  
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ  
eda

BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur





\* Gulir blettir af völdum sólarvarna nást betur úr, í samanburði við fyrri formúlu.